

## 9. gr.

84

Árið tvö þúsund níu hundruð og þrjátíu fellur skipulagsskrá þessi úr 31. ágúst gildi, með þeim breytingum, sem þá kunna að verða á henni orðnar, þeim, sem þá fara með sameiginlegar ráðstafanir ræktunarmálanna á því svæði, er nú heitir Vestur-Ísafjarðarsýsla, er þá heimilt að ráðstafa sjóðnum á þann hátt, er að mestu gagni þykir mega verða fyrir menningarlega framtíð þessa svæðis. Ráðstöfun þessi hljóti samþykki æðstu innlendrar búnaðarmálastjórnar landsins.

## 10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá, sem er samin af nefnd þeirri í Vestur-Ísafjarðarsýslu, er undirbjó þátttöku sýslubúa í alþingishátíðinni á Þingvöllum árið 1930 og samþykkt af aðalfundi sýslunefndarinnar 5. maí 1931.

F. h. sýslunefndar V.-Ísafjarðarsýslu.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 6. júlí 1931.

*Oddur Gíslason.*

## AUGLÝSING

85

7. sept.

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lög-  
reglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 82. 24. september. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð

## SAMÞYKKT

um

breyting á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

## 1. gr.

Í stað orðanna „við allar opinberar samkomur“ í 75. gr. lögreglusamþykktarinnar komi: Við skrautsýningar og sjónleika.

85

7. sept.

2. gr.

90. gr., 1. mgr. hljóði svo: „Á tímabilinu frá 1. október til 31. maí skulu sölubúðir vera lokaðar virka daga frá kl. 7 síðdegis til kl. 8 árdegis, en frá 1. júní til 30. september frá kl. 8 síðdegis til kl. 8 árdegis, nema á laugardögum frá kl. 10 síðdegis.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. sept. 1931.*

Jónas Jónsson.

*Gissur Bergsteinsson.*

86

7. sept.

## AUGLÝSING

um

staðfestingu stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupþún í Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 18., 20. október 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hérmeð staðfest eftirrituð

## L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir

Húsavíkurkaupþún í Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Mannsöfnuður eða uppþot, sem tálmar umferð á götu, vegi, eða svæði, sem almenningur fer um, má ekki eiga sér stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götu, vegi, torgi, bryggju, við kirkjudyd, samkomuhúsdyr, eða annars staðar, þar sem almenningur fer um, þá skulu menn haga sér eftir fyrirmælum lögregluvaldsins, til að varðveita góða reglu.